

urðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 100.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 165/1971. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Brot gegn lögum nr. 77/1970. Ákæra. Lögjöfnun. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ekki verður mark tekið á hinum breytta framburði ákærða fyrir sakadómi 21. maí 1971 um, að efni það, sem mál þetta er af risið, hafi að hans skoðun ekki verið LSD og hann hafi sjálfur ekki haft efni þetta meðferðis hingað til lands.

Prófessor Þorkell Jóhannesson telur í álitserð sinni frá 13. janúar 1971, að ekki sé unnt „að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergið hefur verið í sýninu eða ekki, en rannsóknirnar eru þó í fullu samræmi við þá ályktun, að svo hafi verið“. Þá ber hann fyrir sakadómi 26. maí 1971, „að mjög sterkar líkur leiði til þeirrar niðurstöðu, að um LSD hafi verið að ræða, þó að ekki hafi verið unnt að skera úr því með fullkominni vissu“.

Þegar þetta er virt, þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sönnun fram komna fyrir því, að lýsergið hafi verið í efni því, sem mál þetta fjallar um. Á hinn bóginn taldi ákærði svo vera, er hann hafði efnið með sér hingað til lands, bauð það til sölu og seldi.

Varðar háttsemi ákærða við 1. gr. og 5. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 4. gr. laganna og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með lögjöfnun, en telja ber ákæru í máli þessu taka til 1. gr. laga nr. 77/1970 og tilraunaverknaðar samkvæmt I. og II. tl. ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961. Var málið reifað fyrir Hæstarétti með hliðsjón af þessum lagaákvæðum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970 og með vísun til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. þeirra, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuðir, en eftir atvikum þykir rétt, að fresta megi fullnustu varðhaldsrefsingar og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Þá greiði ákærði kr. 10.000.00 sekt til ríkissjóðs, og kemi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 og 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga ber að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði efnis þess, sem ákærði seldi, kr. 3.000.00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00, saksóknarlaun hér fyrir dómi, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og svo laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, sæti varðhaldi 4 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu

dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði kr. 10.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint söluandvirði, kr. 3.000.00, skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og svo laun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. ágúst 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 11. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í húsakynnum dómsins að Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 329/1971: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 5. febrúar s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni, Háaleitisbraut 43 hér í borg, „fyrir brot samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, með því að hafa smyglað til landsins hinn 17. eða 18. desember 1970 5 og $\frac{3}{4}$ lýsergíð (LSD)-töflum og síðan selt af töflum þessum í Reykjavík í sama mánuði sem hér segir:

I. Laugardagskvöldið 19. desember selt 2 unglingum á dansleik í Tjarnarbúð 2 töflur og töflubrot ($\frac{3}{4}$) fyrir kr. 800.00.

II. Á annan í jólum selt ungum manni 1 töflu á kr. 2.200.00 á dansleik í Glaumbæ.

III. Sunnudaginn 27. desember reynt að selja manni einum (Halla) töflu fyrir kr. 2.000.00, er þeir hittust á knattborðsstofu við Klapparstíg, en er ganga skyldi frá kaupum þessum á Hressingarskálanum sama kvöld, var ákærði handtekinn.

Varðar þessi sölutilraun ákærða við fyrrgreind ákvæði laga nr. 77/1970, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærði sæti upptöku á fjárhæð, er svari til söluverðs fyrrgreindra lýsergið (LSD)-taflna, samtals kr. 3.000.00, samkvæmt niðurlagi nefndrar 5. gr. laga nr. 77/1970 og 69. gr., 1. mgr. 3. töl., hegningarlaganna“.

Ákærði er fæddur 20. nóvember 1951 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Kl. 2120 sunnudaginn 27. desember f. á. hringdi karlmaður á lögreglustöðina í Pósthússtræti hér í borg og skýrði frá því, að fyrr um daginn hefði hann verið staddur í knattborðsstofunni við Klapparstíg og séð þar þá ungan mann, Ásgeir Heiðar að nafni, vera að selja tveimur mönnum sitt hvora LSD töfluna í sitt hvort skiptið á kr. 2.000.00 stykkið. Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri, Hrístateigi 36 hér í borg, svaraði í símann og spurði manninn um nafn, en hann vildi ekki gefa það upp, og er ekki vitað, hver hann hefur verið. Maðurinn skýrði Hallgrími einnig frá því, að Ásgeir Heiðar ætlaði að koma eftir stutta stund, eða um kl. 2130 þá um kvöldið, í Hressingarskálann við Austurstræti og selja þar LSD. Jafnframt gaf maðurinn Hallgrími nokkra lýsingu á Ásgeiri Heiðari og klæðnaði hans.

Þrír óeinkennisklæddir lögreglumenn voru nú sendir í Hressingarskálann. Kom þar þá inn ungur maður, sem lýsing fyrrgreinds karlmanns gat átt við, og gekk hann rakleitt í átt til snyrtiherbergis karla og þar inn. Lögreglumennirnir spurðu hann að nafni, og kvaðst hann heita Heiðar Ásgeirsson. Að fengnu samþykki hans leituðu þeir í fötum hans og fundu í eldspýtustokk í vasa hans eitthvert efni, sem var pakkað inn í glæran pappír og síðan vafið inn í álpappír. Þeir fóru með Heiðar, ákærða í máli þessu, á lögreglustöðina.

Þar yfirheyrði fyrrgreindur lögregluvarðstjóri ákærða, og síðan var hann yfirheyrður af rannsóknarlögreglumanni. Ákærði viðurkenndi að hafa haft með sér í desember f. á. 5 og $\frac{3}{4}$ LSD töflur frá Kanaríeyjum hingað til lands. Hann hefði selt 3 og $\frac{3}{4}$ töflu, neytt einnar sjálfur og ætlað að selja seinustu töfluna, sem

fannst í vasa hans, þarna um kvöldið. Eftir yfirheyrslurnar framkvæmdu lögreglumenn að fengnu samþykki ákærða leit í herbergi hans á Háaleitisbraut 43, en fundu ekkert grunsamlegt. Hann var síðan látinn laus, en hald var lagt á fyrrgreindan eldspýtustokk og efni það, sem var í honum, svo og á kr. 2.300.00, sem hann hafði í fórum sínum.

Hinn 27. janúar s.l. var ákærði yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur um málið, og var þá framburður hans þessi:

Þegar hann var tveggja til þriggja mánaða gamall varð hann kjörbarn þeirra hjóna Ásgeirs Guðmundssonar prentara og Guðríðar Kristjánsdóttur hér í borg, og ólst hann upp hjá þeim. Að loknu barnaskólanámi fór hann í verzlunardeild Austurbæjar-skólans, og vorið 1969 lauk hann landsprófi með fyrstu einkunn. Hann vann síðan hjá Skógrækt ríkisins í um hálft ár, eða fram á árið 1970. Í apríl það ár fór hann utan til ensku eyjarinnar Jersey í Ermarsundi og vann þar á hóteli við móttöku gesta. Í byrjun október hélt hann af ævintýralöngun suður á bóginn, suður Frakkland og áfram suður Spán til borgarinnar Cadiz. Þar fór hann um borð í spánskt skip og komst með því sem laumufarþegi til borgarinnar Las Palmas á Kanaríeyjum. Var þá komið fram í byrjun nóvember.

Ákærði hafði haft nokkra peninga með sér frá Jersey, en þeir þrutu brátt. Honum var kunnugt um, að hann gat ekki fengið atvinnuleyfi á Kanaríeyjum, og fór hann þá að afla sér fjár á þann hátt, að hann keypti sér leður og bjó úr því ýmsan varning, svo sem sandala, belti, armbönd og hálsfestar, og seldi síðan á tilteknu götuhorni í Las Palmas. Þar voru ýmsir listamenn, sem seldu verk sín, og voru þeir flestir frá Bandaríkjunum. Ákærði komst fljótt í félagsskap þeirra og fór að búa með þeim. Þetta voru bæði karlar og konur og flest ungt fólk. Það bjó í litlum húsum og tjöldum í þorpi einu skammt fyrir utan Las Palmas. Samvera þessa fólks var þannig, að þegar einn úr hópnum hafði unnið sér inn einhvern pening, nutu aðrir góðs af því, að þá var matur keyptur fyrir allan hópinn, sem voru nokkrir tugir. Fólk þetta notaði svonefnd fíknilyf, og þegar einn úr hópnum átti slíkt efni, sem var mjög oft, var því dreift meðal alls hópsins. Þannig fór ákærði að neyta fíknilyfja í félagsskap þessum, og gerði hann það oft á viku mest allan tímann, sem hann dvaldi þarna, sem voru tæpar 6 vikur, en áður hafði hann aldrei neytt slíkra efna. Fíknilyfin voru margra tegunda, og nefnir ákærði þessar: Tyrklands hash, sem blandað er með ópíum, Nepal hash,

Afghanistan hash, Lebanon hash, Durban poison, Congo Leoves svo og Kif, bæði pressað og laust. Reykti ákærði allar þessar tegundir í hópi fyrrgreinds fólks.

Skömmu fyrir miðjan desember fékk ákærði áhuga á því að komast fyrir jól til Íslands. Hélt hann til London og þaðan til Luxembourg og kom til Keflavíkur með flugvél Loftleiða h/f 17. eða 18. desember.

Skömmu eftir að ákærði kom til Kanaríeyja, hafði hann keypt 9 töflur og $\frac{3}{4}$ af LSD á 180 peseta töfluna af manni einum, sem gerði í því að selja fíknilyf, en ákærði þekkti þá ekki áhrif LSD. Hann neytti nokkurra taflna, en líkaði ekki áhrif þeirra. Hann dreifði þó töflunum ekki meðal fólks þess, sem hann umgekkst, enda var það með nóg af fíknilyfjum. Hann átti eftir 5 töflur og $\frac{3}{4}$ af þeirri sjöttu, þegar hann fór frá Kanaríeyjum, og hafði hann þær með sér hingað til lands. Töflurnar voru í þeim sama silfurpappír, sem hann hafði keypt þær í, og hafði hann þær á leiðinni í veski sínu, sem var í jakkavasa hans. Hann flutti töflunar ekki hingað til lands í þeim tilgangi að selja þær hér, heldur ætlaði hann sér að neyta þeirra sjálfur.

Laugardagskvöldið 19. desember fór ákærði á dansleik í Tjarnarbúð. Hafði hann þá með sér LSD töflurnar 5 og $\frac{3}{4}$, og hafði hann sett þær í eldspýtustokk, sem hann hafði keypt á Kanaríeyjum. Hann varð peningalaus á dansleiknum og datt þá í hug að afla sér fjár með því að selja nokkrar af töflunum. Gekk hann á milli nokkurra unglinga þar og spurði þá að því, hvort þeir vildu kaupa LSD töflu. Varð úr, að hann seldi einum unglingi eina töflu á kr. 300.00 og öðrum eina töflu á því verði og einnig töflubrotið ($\frac{3}{4}$) á kr. 200.00. Ákærði keypti áfengi fyrir andvirðið. Hann veit engin deili á kaupendunum, en gizkar á, að þeir hafi verið á aldrinum frá 18 til 21 árs.

Á Þorláksmessu neytti ákærði einnar LSD töflu einn síns liðs hér í miðborginni og hélt síðan heim til sín.

Á annan í jólum fór ákærði á dansleik í Glaumbæ og hafði þá með sér LSD töflurnar tvær, sem eftir voru. Vatt sér þá að honum ungur maður á að gizka 20 til 23 ára, sem hann veit engin deili á, og spurði hann að því, hvort hann væri sá hinn sami maður, sem hefði látið menn fá LSD töflur í Tjarnarbúð fyrir viku. Ákærði kvað svo vera. Maðurinn vildi þá kaupa eina töflu, og vegna áhuga hans hækkaði ákærði verð hennar, og keypti maðurinn eina töflu á kr. 2.200.00. Ákærði keypti áfengi fyrir hluta upphæðarinnar.

Daginn eftir, 27. desember, fór ákærði inn í knattborðsstofuna við Klapparstíg. Þar hitti hann man á að gizka 26 til 27 ára, sem kallaður er Halli, en ákærði veit ekki önnur deili á honum. Halli spurði hann að því, hvort hann gæti selt honum LSD töflu, og bauð kr. 2.000.00 fyrir hana, en kvaðst þó eigi hafa þá upphæð á sér. Varð úr, að þeir mæltu sér mót í Hressingarskálanum um kl. 2130 þá um kvöldið. Ákærði mætti þar á tilteknum tíma og var með LSD töfluna í eldspýtustokknum í vasa sínum. Allt í einu komu óeinkennisklæddir menn að honum, handtóku hann og fluttu á lögreglustöðina. Hafði hann þá eigi komið auga á Halla. Ákærði var með kr. 2.300.00 á sér, og voru kr. 1.100.00 af upphæðinni afgangur af andvirði töflunnar, sem hann seldi kvöldið áður í Glaumbæ.

Hinn 26. marz s.l. var ákæra í málinu birt ákærða í dómi, og vísaði hann þá um ákæruefnið til framangreinds framburðar síns.

Hinn 21. maí s.l. var ákærði enn mættur í dómi, og kvaðst hann þá vilja breyta framburði sínum frá 27. janúar s.l. í þremur atriðum. Í fyrsta lagi hafi efnið, sem ræðir um í ákæru málsins, ekki verið, að því er hann hélt, LSD og ekki verið töflur, heldur klístur á pappír og hafi hann engin áhrif fundið af neyzlu þess. Efnið hafi verið selt honum sem „trip“. Í öðru lagi sé það ekki rétt, að hann hafi flutt efnið hingað til lands. Hann hafi skilið það eftir ásamt drasli í bifreið einni, sem hann var oft í, áður en hann hélt frá Las Palmas. Einum til tveimur dögum eftir að hann kom hingað til lands, hafi honum borizt efnið í póstbréfi og hafi amerískur maður, sem kallaður er Joe, sent honum það án beiðni eða vitundar hans. Hann hafi kynnt þessum Joe suður á Kanaríeyjum. Joe hafi verið „hippi“ og að því er hann heldur 24 ára gamall. Í þriðja lagi kveðst ákærði ekki hafa spurt unglunga á dansleiknum í Tjarnarbúð að því, hvort þeir vildu kaupa LSD töflu, heldur „trip“.

Samkvæmt upplýsingum Loftleiða h/f ferðaðist ákærði á vegum félagsins 18. desember f. á. Fór hann frá Brussel kl. 0259 og kom til Keflavíkur kl. 0554. Ákærði kveður, að það geti verið rétt.

Það hefur eigi tekizt að hafa upp á mönnum þeim, sem ákærði kveðst hafa átt viðskipti við í Tjarnarbúð og í Glaumbæ né manni þeim (Halla), sem ákærði kveðst hafa hitt í knattborðsstofunni við Klapparstíg.

II.

Með bréfi dómsins, dags. 6. janúar s.l., óskaði hann eftir því, að prófessor Þorkell Jóhannesson, forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, léti dóminum í té álitserð um efnid lýsergíð (LSD), efnasamsetningu þess, verkanir á neytendur svo og afleiðingar af neyzlu þess.

Í svarbréfi prófessorsins, dags. 5. febrúar s.l., til dómsins segir meðal annars svo:

„Mjög erfitt er að svara fyrirspurn sem þessari í stuttu máli. Í þessu sambandi skal þó eftirfarandi tekið fram:

1. Lýsergíð er að gerð náskýlt efnum, sem finnast í korndrjola (secale cornutum), svo sem ergótamíni (notað við mígreni) og ergómetríni (notað til þess að herpa saman leg).

2. Efnid verkar yfirleitt örvandi á neytendur. Eftir litla skammta breytist sjónar- og heyrnarskyn þannig, að menn skynja tóna og liti dýpra en áður. Þá eru alls kyns torskynjanir (illúsióningar), þ. e. a. s. sjá annað augað uppi á enni, en hitt niðri á kinn o. s. frv., algengar, og einnig þekkjast víxlskynjanir (þ. e. a. s. sjá tóna og heyra liti). Ef stórir skammtar eru teknir, koma fyrir alls kyns örskynjanir (hallúcinatíónir, þ. e. a. s. sjá hluti, sem alls ekki eru til í veruleikanum), og slíkt ástand getur leitt til vitfirringar, er líkist ofsóknarbrjálæði.

3. Neytandinn getur orðið háður efninu og þannig fengið í það ávana og ef til vill fíkn. Þá er geðveiki, sbr. að framan, og þekkt fyrirbæri eftir töku lýsergíðs“.

Efni það, sem tekið var úr vörzlum ákærða í Hressingarskálanum 27. desember f. á., var sent í Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, og í bréfi, dags. 6. janúar s.l., óskaði dómurinn eftir því, að prófessor Þorkell Jóhannesson rannsakaði, hvort lýsergíð væri í efninu, og léti dóminum í té skriflega álitserð um rannsóknina.

Í svarbréfi prófessorsins, dags. 13. janúar s.l., til dómsins segir svo:

„Sýnið var þerriblaðssnepill með leirgráum kringlóttum bletti, ca. 10 mm í þvermál.

Innihald blettsins var þvegið með 3 ml. af metanóli, sem síðan var látið gufa upp að mestu. Það, sem eftir var vökvans, var notað til blettagreiningar á þynnu. Til samanburðar var sett á þynnuna þekkt magn af lýsergíði (10 míkrogr) og ergótamín (10 míkrogr), en ergótamín getur gefið svipað rásgildi við blettagreiningu og lýsergíð.

Við skoðun í útfjólubláu ljósi (254 nm) sáust skærir fjólubláir blettir, allir með sama rásgildi, er svöruðu til sýnisins og hinna þekktu efna. Í rás sýnisins sáust auk þess fjórir greinilegir bleikir og rauðgulir blettir, sem á að gizka höfðu rásgildin 0.30, 0.58, 0.74 og 0.87.

Við litun með dímetýlaminíbenzaldehyðlausn komu fram rauð-fjólubláir blettir svarandi til lýsergiðs, sýnisins og ergótamíns, er höfðu rásgildin 0.71, 0.71 og 0.72. Blettur sá, sem svaraði til sýnisins, var mun stærri en sá blettur, sem svaraði til 10 míkrogr af þekktu lýsergiði.

Af þessum rannsóknnum má þannig ráða, að sýnið hefur ekki verið hreint eða óblandað efni. Þá er á grundvelli rannsókna þessara ekki unnt að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergið hefur verið í sýninu eða ekki, en rannsóknirnar eru þó í fullu samræmi við þá ályktun, að svo hafi verið.

Þess skal að lokum getið, að sýnið var ekki meira en svo, að ekki var unnt að gera frekari rannsóknir á því“.

Hinn 26. maí s.l. staðfesti prófessor Þorkell fyrir dómi framan-greinda álitserð og matsgerð að öllu leyti. Í tilefni af matsgerð-inni, dags. 13. janúar s.l., segir hann, að því miður hafi efnið, sem þurfti að rannsaka, verið aðeins einn snepill. Efnið hafi ekki verið hreint, en engu að síður leiði mjög sterkar líkur til þeirrar niðurstöðu, að um LSD hafi verið að ræða, þó að ekki hafi verið unnt að skera úr því með fullkominni vissu.

Í sama þinghaldi lagði verjandi ákærða nokkrar spurningar fyrir prófessorinn, og eru svör hans meðal annars þessi:

Hann kveður, að við rannsókn umrædds sýnis hafi verið beitt almennt viðurkenndri aðferð til greiningar á lýsergiði svo og á ýmsum öðrum ávana- og fíkniefnum. Aðrar aðferðir komi þó til greina í vissum tilvikum, en þær krefjast enn meira efnismagns, til þess að rannsóknirnar gefi tilætlaðan árangur.

Hann segir, að eins og fram komi í matsgerðinni frá 13. janúar s.l., hafi þekkt lýsergið, þekkt ergótamín svo og umrætt sýni um það bil sama rásgildi. Samkvæmt því sé ekki hægt að greina á milli ergótamíns, sem sé náskykt lýsergiði að gerð, og lýsergiðs sjálfs. Ergótamín sé hins vegar einungis notað sem lyf og þá í viðurkenndum lyfjaformum og aldrei sem vímuegja. Af þessum sökum verði að telja mjög ósennilegt, að ergótamín hafi verið í þerriblaðssnepli. Til þess að greina frekar á milli lýsergiðs og ergótamíns hefði því þurft að gera frekari rannsóknir, sem á hinn bóginn hefðu krafist meira efnismagns en lá fyrir. Honum

vitanlega hafi ergótamín aldrei verið notað í formi þerriblaðs. Hins vegar sé mjög vel þekkt, að lýsergíð hefur verið notað í formi þerriblaðs, t. d. til að leysast upp í kaffi til nota í vímu-skyni. Samkvæmt þessu sé ekki unnt að útiloka þann möguleika, að ergótamín hafi verið í sýninu.

Hann kveður, að orðið „lýsergíð“ sé viðurkennt samheiti á Norðurlöndum og víðar og sé „LSD“ mjög þekkt skammstöfun fyrir efni þetta, en honum vitanlega hafi hún eigi verið staðfest af nokkurri stofnun eða opinberum aðilja.

III.

Hinn breytti framburður ákærða 21. maí s.l. um, að hann hafi ekki flutt umrætt efni hingað til lands, heldur að það hafi borizt honum í pósthreffi án beiðni eða vitundar hans, einum eða tveimur dögum eftir að hann kom hingað, er eigi í neinu styrktur af gögnum málsins, og verður að telja nægilega sannað með fyrri játningu ákærða bæði fyrir lögreglumönnum og síðan ítrekaðri í sakadómi svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að ákærði hafi haft efnið sjálfur meðferðis, þegar hann kom frá útlöndum hingað til lands með fyrrgreindri flugvél í desember s.l. Á hinn bóginn verður með skírskotun til þeirrar niðurstöðu prófessors Þorkels Jóhannessonar, að eigi sé unnt að skera úr því með fullkominni vissu, hvort lýsergíð hafi verið í sýni því, sem hann fékk til rannsóknar, svo og með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, að telja, að eigi sé fram komin lögfull sönnun fyrir því, að lýsergíð hafi verið í efninu. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af þeirri ákæru ákæruvaldsins að hafa smyglað lýsergíð (LSD) töflum til landsins hinn 17. eða 18. desember s.l. og að hafa selt eða reynt að selja slíkar töflur á tilgreindum dögum síðar í sama mánuði svo og að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar er lagður á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í málinu, Jóns Edwalds Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00.

Uppkvaðning dóms í málinu hefur frestast nokkuð sökum sjúkrahúsðvalar dómarans frá 28. f. m. til 6. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, á að vera sýkn af ákæru og kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal máls-

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Edwalds Ragnars-
sonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.00.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 27/1972. **Ákærvaldið** (Hallvarður Einvarðsson,
settur saksóknari ríkisins)

gegn

Hans Elíasen

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaráttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný gögn, þ. á m. bréf saksóknara ríkisins, dags. 8. þ. m., til prófessors Jóns Steffensens og svarbréf prófessorsins, dags. 13. s. m. Í bréfi saksóknara ríkisins segir m. a. um blóðsýni það, er í málinu getur, „... er þess farið á leit, að þér látið þessu embætti í té upplýsingar — ef tiltækar eru — um umbúnað sýnishorns þessa, þ. e. a. s. hvort nokkuð hafi verið athugavert við hann eða sýnishornið yfirleitt, og enn fremur hvaða áhrif það kynni að hafa haft á áfengismagn í sýnishorninu, ef glasið hefði verið látið standa opið í 2—3 klukkustundir“. Bréf prófessors Jóns Steffensens er svohljóðandi: „Viðvíkjandi bréfi yðar, dags. 8. marz 1972 (VS/SJ M. 1488/70), vil ég taka eftirfarandi fram: Með bréfi, dags. Ólafsvík 22. júní